

90. gr.

Hafi skipverji orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 63. gr., og verður mál höfðað um það á hendur honum, þá skal dómurinn kveða á um sekt hans með réttmætri hliðsjón af hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

91. gr.

Mál þau, er ræðir um í þessum kafla og ekki eiga undir siglingadóm, skulu rekin í sjódómi.

92. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð.

93. gr.

Ákvæði laga þessara um réttindi skipverja skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 36 27. júní 1941, um breyting á sjómannaögum, nr. 41 19. maí 1930.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að Bjarna Benediktssyni eru falin störf forsætisráðherra og önnur ráðherrastörf Ólafs Thors, en ráðherra Jóhanni Hafstein eru falin störf þau, sem ráðherra Bjarna Benediktssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði frá 20. nóvember 1959.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 14. nóvember 1963.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.